


Skipulagsstofnun
Einar Jónsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK



Akranesi 30.1.2015

Tilvísun: V201501014

Efni: Umsögn um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 19. desember 2014 þar sem óskað er umsagnar um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Landmælingar Íslands þakka fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri athugasemduum við tillöguna. Jafnframt lýsir stofnunin yfir sérstakri ánægju með þau vinnubrögð sem Skipulagsstofnun hefur viðhaft við verkefnið og hafa einkennst af góðu samráði og faglegum vinnubrögðum.

Í tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er fjallað um eftirfarandi verkefni sem tengjast beint eða óbeint verksviðum Landmælinga Íslands á sviði landupplýsingar:

- Kortagrunnur um vegi og slóða
- Kortlagning mannvirkja og þjónustu á hálendinu
- Skipulag með tilliti til náttúruvár – sem tengist m.a. nákvæmu hæðarlíkani
- Skilgreining á strandlínus

Framgreindar landupplýsingar eru mikilvæg grunngöng sem samfélagið allt þarf að hafa aðgang að án hindrana. Þessar upplýsingar þurfa að vera nákvæmar, öruggar og aðgengilegar án hindrana og uppfylla þarfir samfélagsins s.s. vegna náttúruverndar, skipulags, náttúruvár og ferðaþjónustu. Staðan í þessum málaflokki á Íslandi er sú að skortur er á grunngönum og aðgengi að þeim gögnum sem þó eru til er misjafnlega gott.

Landmælingar Íslands fagna framkominni tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og lýsa yfir vilja til taka þátt í átaki við að afla nauðsynlegra grunngagna sem fjallað er um í stefnunni.

bestu kveðjur


Magnús Guðmundsson